



# Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2018 – 2022

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri

Vinnufundur um opinberar áætlanir haldinn  
í Hveragerði 22.–23. janúar 2019

# Sveitarstjórnarmenn

- Kjörnir fulltrúar eru 502
  - Konur 237 eða 47%
  - Karlar 265 eða 53%
- Endurnýjunarhlutfall í sveitarstjórnnum
  - 57% 2010
  - 54% 2014
  - 58% 2018



# Sveitarstjórnarstigið

- Hið opinbera = ríki + sveitarfélög
- Sveitarfélögin eru stjórnvald
- Stjórnarskrá
  - Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða
  - Tekjustofnar þeirra skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir
- Sveitarstjórnarlög
  - Ráða málefnum sínum sjálf á eigin ábyrgð
  - Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umfjöllunar sveitarstjórnarinnar





# Sjálfstjórn sveitarfélaga

- Evrópusáttmáli
  - Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni
  - Hún þýðir að þau hafi rétt og getu til að stjórna og annast skv. lögum **verulegan hluta opinberra mála** á eigin ábyrgð og íbúum sveitarfélagsins til hagsbóta



# Umfang sveitarfélaga

- Sveitarfélögin fá til sín um **þriðjung skatttekna** hins opinbera
- Þau bera ábyrgð á um **40% samneyslunnar** (tekjutilfærslur ekki taldar)
- Hjá sveitarfélögum eru **52% opinberra starfa**
- Skuldir A-hluta sveitarfélaga árið 2017 voru um 11% af af vergri landsframleiðslu (VLF), en A-hluta ríkissjóðs um 63% af VLF eða tæplega 6 sinnum hærri!



# Samband íslenskra sveitarfélaga



- Stofnað 1945 – frjáls aðild
- Fjármagnað af jöfnunarsjóði og sértekjum
- Formlegur samskiptaaðili við ríki og Alþingi skv. lögum og vinnur að hagsmunamálum sveitarfélaga
- Landsþing mótar stefnu sveitarfélaga í stórum málum sem varða þau öll og sambandið framkvæmir
- Á landsþingum sitja 154 kjörnir fulltrúar frá öllum sveitarfélögum



Borgartún 30

# Hverjir gæta hagsmuna sveitarfélaga

- Ráðherra sveitarstjórnarmála skal gæta að og virða sjálfstjórn sveitarfélaganna, verkefni þeirra og fjárhag
- Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga
- Landshlutasamtök sveitarfélaga
- **Samband íslenskra sveitarfélaga** 
- *Stjórnmalaflokkar*



# Stefnumörkun sambandsins

- *Gamli tíminn*
  - Samþykktar tillögur, ályktanir og áskoranir
  - Tilviljanakennd og ómarkviss stefnumörkun
- *Nýi tíminn* frá 2002 hjá sambandinu
  - Mikil undirbúningsvinna
  - Stefnumörkun með aðkomu margra
  - Breitt eignarhald
  - Skilgreining undirmarkmiða og leiða
  - Aðgerðir innleiddar í starfsáætlanir sambandsins
  - **Allt starf sambandsins byggir á stefnumörkuninni**





# Stefnumörkun sambandsins 2018–2022

*FRAMTÍÐIN ER HÉR*

[www.samband.is](http://www.samband.is)



# Kjarni stefnumörkunar sambandsins



- Meginmarkmið og leiðarljós
- Hlutverk sambandsins
- Undirmarkmið og leiðir
  - Traustur grundvöllur - Samskipti ríkis og sveitarfélaga, fjármál og tekjustofnar, jöfnunarsjóður, efnahagssamráð og kostnaðarmat, vinnumarkaðsmál
  - Fræðsla í forgang - Skólamálin
  - Velferðin í öndvegi – Félagsþjónusta, þjónusta við fatlað fólk og húsnæðismál
  - Tengsl manna og umhverfis - Skipulags- og byggingarmál, samgöngur og fjarskipti, brunamál og almannavarnir, byggðamál og svæðasamvinna sveitarfélaga, atvinnumál
  - Nýsköpun, lýðræði og mannréttindi – Stafræn þróun og nýsköpun, jafnréttis- og mannréttindamál, menningarmál, alþjóðamál, lýðræði og kosningalöggjöfin

**SAMTALS 195 MARKMIÐ !!!!**

# Meginmarkmið og leiðarljós

## Dæmi:

- Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar íbúanna, lýðræðis og mannréttinda.
- Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna ...
- Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum.
- Verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skal miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu ...



# Meginmarkmið og leiðarljós

## Dæmi:


- Fylgt verði eftir meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslegu réttlæti, ábyrgri fjármálastjórn, varðveislu lífvænlegs umhverfis og náttúru landsins, íbúum til hagsbóta.
- Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnt skal að því að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið, s.s. alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, **verði fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum.**





# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:



- Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu **Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna**.
- Sambandið leggur áherslu á að þjónusta ríkisins verði sem víðast á landinu.
- Sambandið vinnur að því að tryggð verði að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla landsmenn ... nýttir verði kostir fjarheilbrigðisþjónustu ....
- Sambandið komi að stefnumótunarvinnu ráðuneyta á grundvelli laga um opinber fjármál þar sem **viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga skarast**.

# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:

- Sambandið vinni að því, í samvinnu við **landshlutasamtök** sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta.
- Sambandið vinni að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang ...
- Sambandið beiti sér fyrir því að tekið verði upp endurgreiðslukerfi í **innanlandsflugi** fyrir þá landshluta þar sem flugsamgöngur eru einu raunhæfu almenningssamgöngurnar.



# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:



- Áhersla á að uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn í samræmi við byggðaaætlun.
- Samvinna við **landshlutasamtök** sveitarfélaga, fylgi eftir markmiði í **byggðaaætlun** um að fjármagn verði tryggt svo tillögur í samgönguáætlun nái fram að ganga ...
- Stuðla að því að aðferðafræði vegna **sóknaráætlana** verði þróuð áfram og byggji á virku samráði og samvinnu sveitarfélaga og samvinnu þeirra og ríkisins í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um **byggðamál** og **landshlutasamtök sveitarfélaga**.
- Sambandið hafi náið samráð við sveitarfélög og **landshlutasamtök** þeirra, ráðuneyti, stofnanir ríkisins og atvinnulíf til að stuðla að markvissri framkvæmd **byggðastefnu** og **byggðaaætlunar**.

# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:

- Sambandið beiti sér fyrir því að **byggðamál verði samþætt** við aðra málaflokka eftir því sem við á. Þá verði áhrif á þróun einstakra byggða og búsetu skoðuð og metin í allri stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera.
- Sveitarfélög á hverju svæði **sóknaráætlana** verði hvött til samstarfs um gerð svæðisskipulags ...
- Sambandið styðji við samstarf sveitarfélaga, ráðuneyta og **Byggðastofnunar** um gerð þjónustukorts .....



# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:



- Unnið verði að því að koma á miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímataækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúana.
- Ríki og sveitarfélög vinni saman að því að tryggja innviði fyrir stafræna þjónustu og samvirkni upplýsingatæknikerfa í gegnum stafræna stofnbraut.
- Sambandið tekur virkan þátt í þróun hugmynda um að nýta ívilnanir í gegnum námslánakerfið sem hvata fyrir fólk með fjölbreytta menntun til að setjast að í dreifðum byggðum.



# Undirmarkmið og leiðir

## Dæmi:

- Sambandið skal gæta eins og kostur er sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga við veitingu þjónustu og þróun hennar á sviði **menningarmála**.
- Sambandið leggur áherslu á að stjórnvöld styðji við **menningartengda ferðaþjónustu** í stefnumótun á sviði ferðamála og úthlutun fjármuna til verkefna.
- Sambandið skal styðja sveitarfélögin í að beita markvissu samráði við íbúa við stjórnun sveitarfélaga og til að hafa samstarf við íbúa um mótun og framkvæmd þjónustu.



# Allir þurfa að horfa til stefnumörkunarinnar

- Ef þeir sem marka stefnu vilja vera samstíga sveitarfélögum verða þeir að horfa til stefnumörkunar sambandsins
- Það hafa allir aðgang að upplýsingum um vilja sveitarstjórnarstigsins
- Sambandið er ávallt reiðubúið til samstarfs



FRAMTÍÐIN ER HÉR

# STEFNUMÖRKUN SAMBANDSINS

2018–2022

